

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 51/1999**

**frá 30. apríl 1999**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/98 frá 27. nóvember 1998<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2247/98 frá 13. október 1998 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinnar hættulegra efna<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **398 R 2247:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2247/98 frá 13. október 1998 (Stjtið. EB L 282, 20.10.1998, bls. 12).“

*2. gr.*

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2247/98 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 277, 28.10.1999, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 28.10.1999, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 282, 20.10.1998, bls. 12.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. apríl 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*